

## Fundur skólaráðs Vatnsendaskóla

25. apríl 2018 kl. 8:15

### Mættir voru:

Áslaug Pálsdóttir, fulltrúi foreldra, Þorvar Hafsteinsson, formaður foreldrafélags Vatnsendaskóla og varamaður í skólaráði, María Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Alfreð Gústaf Maríusson, fulltrúi starfsmanna, Lovísa Hannesdóttir, fulltrúi kennara, Theódór Aldar Tómasson, fulltrúi kennara, Árnína Steinunn Kristjánsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Ástrós Magna Vilmundardóttir fulltrúi nemenda og Felix Már Kjartansson fulltrúi nemenda. Guðrún Soffía Jónasdóttir, skólastjóri kom í lok fundar. Bryndís Jónsdóttir, fulltrúi foreldra var forfölluð.

Fundarritari: Sigrún Brynjólfssdóttir, deildarstjóri

### 1. Skólalóð Vatnsendaskóla

10 milljónir komu frá verkefninu „Okkar Kópavogur“ og voru foreldrar ósáttir við að það færi í frágang lóðar. Fundað var með menntaráði til að ná fram breytingum og var vel tekið í þetta þetta og mun Kópavogsbær taka að sér að laga lóð. 10 milljónir fara því í tæki og annað.

Rætt um að þegar íþróttahúsið við skólann er tilbúið verður útbúinn aftur handboltavöllur (malbikaður völlur). Þorvar sagðist hafa gert athugasemd við að hafa völlinn malbikaðan og vildi að völlurinn yrði með mýkra efni. Mýkra efni verður bætt við.

Kynnt voru drög að því hvað er hægt að gera til að laga skólalóð.

Útbúið flatt svæði hjá Hreystivelli.

Útbúið rjóður fyrir ofan útihús og í norðurátt – hægt að hafa útikennslusvæði

Í vestur í átt að Vatnsendavegi koma tröppur. Sett verður grindverk þar sem krakkar eru að leika sér og fyrirhugað er að sá lúpínu til að binda jarðveg.

Einnig þarf að finnabetri stað fyrir hjól, jafnvel í skuggasvæði í norðurátt.

Strax verða sett leiktæki norðanmegin.

Þorvar bendir á að ekki sé komið framkvæmdaplan, fundur á næstunni og í framhaldi af honum verður vonandi komið framkvæmdaplan.

Það sem verður gert núna er að ganga frá lóð og tæki löguð norðan megin.

Umræða hjá fundarmönnum um mikilvægi þess að ganga frá lóð sem fyrst.

Nemendur vilja helst engin blómabeð heldur fleiri tæki til að leika sér. Felix lagði áherslu á að fá körfuboltavöll.

Rætt um hvort setja eigi körfuboltavelli á allar skólalóðir á kostnað Kópavogsbæjar. Árnína leggur til að kanna hvar í röðinni körfuboltavöllur er hér í Vatnsendaskóla. Lovísa bendir á að þetta sé í íbúðarkosningu.

Þorvar bendir á að við svæðið hjá hreystibraut eigi að koma kastali.

Mikilvægt að hugsa lóð þannig að hún sé aldursvarandi fyrir öll stig.

Þorvar bendir á að það verði að vera fulltrúi foreldra í okkar Kópavogur.

## Heimsókn frá framkvæmdasviði

María greinir frá fundi hennar og Guðrúnar Soffíu með Gunnari Karlssyni, deildarstjóra fasteigna. Skipt verður um klæðningu á miðstigsgangi og munu framkvæmdir hefjast fljótlega.

Þorvar kemur með fyrirspurn varðandi myglu. María greinir frá því að það hafi ekki verið nein mygla. Síðasta vetur var skipt um gólfefni í smíðastofu vegna raka.

Þorvar og María greina frá að Efla hafi gert úttekt og þar hafi engar athugasemdir komið fram.

Áslaug greinir frá því að móðir sem kemur hingað finni fyrir myglu.

Theódór segist haf lent í myglu og hann finni ekki fyrir því hér í skólanum.

Alli greinir frá mikilvægi loftræstikerfis.

Áslaug óskar eftir því að fá að sjá skýrslu. María bendir á að hafa samband við Guðrúnu Soffíu.

Þorvar talar um að sennilega sé til bókun í skólaráði.

Fyrirspurn af hverju flísar detta af. María greinir frá að þær séu ekki nógu sterkar fyrir skólabyggingu.

## 2. Vinaliðaverkefni

Sigrún kynnir að vinaliðaverkefni verði tekið inn næsta haust.

María kynnir verkfærakistuna frá Vöndu.

## 3. Önnur mál

Áslaug með fyrirspurn varðandi vinnu við Blæ en það er verkefni sem unnið er með í 1. bekk.

Umræða um snjallsímanotkun á yngsta stig.

Mikilvægt að virkja bekkjarfulltrúa, Bryndís hefur verið með fræðslu.

Áslaug óskar eftir leiðbeinandi upplýsingum fyrir bekkjarfulltrúa.

Þorvar kynnir að breyting verði á reglum foreldrafélag að virkja foreldra með því að skipa bekkjarfulltrúa.

Fundið slitið kl. 9:21